

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 24. júní 2022

Mál nr. S-343/2021:

Ákærvaldið

(Hilda Rut Harrysdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Jóni Þór Gíslasyni

(Sigurður Jónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara þann 19. ágúst 2021, á hendur Jóni Þór Gíslasyni, [...]

fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. júní 2020, á lögreglustöðinni að Hörðuvöllum 1 á Selfossi, hótað lögreglumanninum AG-1914 líkamsmeiðingum og lífláti auk þess sem hann gerði tilraun til að sparka í fótlegg lögreglumannsins, sem þar var við skyldustörf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þann 8. september 2021 var mál S-384/2021, höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi, á hendur ákærða,

I. fyrir líkamsárásir

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 12. janúar 2020, innandyra í sumarhúsi að [...] í Grímsnes- og Grafningshreppi, í bræðiskasti veist að: A, kýlt hann og skallað í andlit með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgu á og við nef og eymsli við gagnauga, slegið B, í vinstra eyra með þeim afleiðingum að hann hlaut sár og bólgu á eyra, bitið C, í öxl með þeim afleiðingum að hann hlaut opið sár á öxl og bitið D, í nef með þeim afleiðingum að hann hlaut sár og bólgu á nefi. (318-2020-486)

Teljast brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. fyrir líkamsárás

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 10. maí 2020, framan við inngang að eldsneytisverslun Olís að Arnbergi á Selfossi, veist að E, með því að grípa aftan í

nærbuxur sem hann klæddist og kasta honum þannig til hliðar og örskömmu síðar veist að honum að nýju, gripið í peysu sem hann klæddist og kastað honum þannig að hann lenti á baki á stétt og þar sem hann lá, fyrst sparkað í hægri hlið líkama hans og svo gripið aftur í peysu sem hann klæddist og rífið hann þannig upp af stéttinni og kastað honum aftur til jarðar; allt framangreint með þeim afleiðingum að hann hlaut þreifiefmysli yfir mjaðmabeinum og þjónvöðva. (318-2020-6062)

Telst brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Vegna ákæruliðar I gerir A, kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.000.000 í miskabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 12. janúar 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en síðan dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt síðari framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts.

Þann 6. apríl 2022, var mál S-190/2022 höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi á hendur ákærða,

fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, laugardaginn 29. janúar 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Austurveg við Hörðuvelli á Selfossi, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 0,95 ‰).

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr. og umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Mál þetta var þingfest þann 19. október 2021. Þann sama dag var mál S-384/2021 þingfest og sameinað máli þessu. Þá var þann 18. maí sl., mál S-190/2022 þingfest og sömuleiðis sameinað máli þessu.

Ákærði neitar sök vegna ákæruskjals dags. 19. ágúst 2021 sem og samkvæmt ákærulið I í ákæruskjali dags. 8. september 2021. Ákærði viðurkennir skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í II. lið ákæru dags. 8. september 2021 sem og þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru dags. 6. apríl 2022. Þá

hafnar ákærði framkominni bótakröfu, en við aðalmeðferð málsins var bótakrafan lækkuð í 1.000.000 kr.

Aðalmeðferð fór fram 27. maí 2022 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákærvalds eru gerðar sömu dómkröfur og að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af kröfum ákærvalds varðandi þau sakaefni er ákærði hefur neitað. Að öðru leyti krefst ákærði þess að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða skv. tímayfirliti. Þá krefst ákærði þess að hann verði sýknaður af bótakröfu brotþola, til vara að henni verði vísað frá dómi og til þrautavara að krafan verði lækkuð.

Málavextir

Ákæra dags. 19. ágúst 2021

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning aðfaranótt laugardagsins 27. júní 2020, vegna slagsmála fyrir utan Hótel Selfoss. Kemur þar og fram að fyrr um kvöldið hafi lögregla farið á vettvang þar sem ólæti og rifrildi hafi verið milli hótलगesta og ákærða og fylgdi sögunni að seinni tilkynningin varðaði sömu aðila. Þegar lögreglu bar að garði mátti sjá hóp af fólki. Nokkrir úr hópnum hafi haldið ákærða niðri að því er virtist vegna árásarhneigðar ákærða og hafi lögreglumenn tekið við takinu á ákærða, sem hafi verið æstur en þó hlýtt fyrir mælum. Hafi ákærði verið færður í handjárn og í lögreglubifreið þar sem hann hafi fengið að ræða símleiðis við lögmann sinn. Rætt hafi verið við vitni á vettvangi og ákærði fluttur á lögreglustöð og vistaður í klefa. Hafi hann verið verulega dónalegur og með skæting. Hann hafi hótað lögreglumönnum m.a. lífláti og barsmíðum. Eftir stuttan tíma í fangaklefa hafi ákærði veðið orðinn verulega órólegur og hótað að drepa sig ef hann þyrfti að vera áfram í klefa. Hafi hann m.a. reynt að þrengja að hálsi sínum með bol, sem hafi þá verið fjarlægður. Þegar ákærði hafi róast hafi verið ákveðið að hann færi heim og færi ekkert meira út það kvöldið.

Í skýrslu lögreglumanns H1394 (nú AG-1914) kemur fram að þegar lögreglumenn hafi verið að færa ákærða í lyftu á lögreglustöð hafi ákærði verið með derring, og er þeir hafi fært hann að fangamóttöku hafi ákærði reynt að sparka í fótlegg lögreglumannsins en ekki hitt. Þá hafi ákærði sagt „Brjóttu á mér hendina áður en ég fucking drep þig, áður en ég drep þig, ég mun stinga þig í andlitið, treystu mér, ég drep

þig“. Í málinu liggur frammi efnislega samhljóða skýrsla lögreglumanna nr. H1516 og H1443.

Skýrsla var tekin af ákærða þann 20. janúar 2021, það sem ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum. Kvað hann vel geta verið að hann hafi látið ljót orð falla, en hafi ekki meint neitt með þeim.

Ákæruliður I í ákæruskjali dags. 8. september 2021

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning vegna óláta í sumarbústað á [...], þar sem maður hefði veist að nokkrum og ærst eftir rifrildi. Á vettvangi hafi lögreglumenn hitt fyrir tilkynnanda, B er kveðið hafi ákærða hafa slegið hann í höfuðið og ráðist á nokkra aðra. Hafi lögreglumenn farið inn í sumarbústaðinn og hitt þar ákærða í einu herbergi bústaðarins, hvar hann hafi setið einn og verið í símanum. Ákærði hafi verið frekar rólegur, sjáanlega mjög ölvaður og í uppnámi. Aðspurður hafi hann kveðið ekkert hafa gerst og þetta væri allt bull. Í eldhúsi bústaðarins hafi verið aðilar sem allir voru í miklu uppnámi og talsvert ölvaðir. Hafi reynst erfitt að fá greinargóðan framburð hjá aðilum, en þeir þó sammælt um að upp hafi komið atvik inni í einu herbergjanna þar sem ákærði hafi gengið fram af þolinmæði hinna með dónaskap og leiðindum. Ákærði hafi verið æstur og árásargjarn sem hafi endað með handalögmálum milli hans og annarra. Hafi B lýst atvikum svo á vettvangi að ákærði hafi verið inni í herbergi með F og B, A og C verið að reyna að komast inn. Ákærði hafi verið ósáttur við það og lamið B í vinstra eyrað, kýlt A í nefið og skallað hann og bitið C í vinstri öxl. C hafi sagt lögreglu að hann hafi verið að halda ákærða niðri með þeim afleiðingum að ákærði beit hann í vinstri öxlina. Hafi C verið með greinilegt bitfar á öxlinni, er blæddi úr og virtist talsvert djúpt. A hafi verið með sjáanlega áverka í andliti, mjög bólginn við nefbein og ekki getað andað í gegnum aðra nösina. Hann hafi einnig verið bólginn á enni. B hafi ekki verið með sjáanlega áverka.

Í frumskýrslu kemur og fram að eftir að ákærði hafi verið færður á lögreglustöð hafi þangað komið A og D, sem einnig hafi kveðist hafa verið í sumarbústaðnum og orðið fyrir árás af hálfu ákærða. Hafi D verið með sjáanlega áverka á nefi og bólgu á enni. Kvaðst D hafa setið í sófa frammi í stofu þegar ákærði kom þangað mjög æstur og hafi veist að D, bitið hann í nefið og slegið í andlitið.

Þann 12. janúar 2020 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu. Kom þar fram hjá ákærða að er hann hafi verið einn inni í herbergi með vitninu F hafi hópur fólks ruðst inn í

herbergið, stökkið á hann og ýtt honum. Kvað ákærði að við þetta hefði sloknað á honum og hann fengið högg á hausinn. Kvaðst ákærði ekki vita hverjir komu inn, en þeir hafi verið mjög margir og kvað ákærði þá hafa ráðist á sig. Kvaðst ákærði hafa rankað við sér í stofunni og farið aftur inn í herbergi þar sem hann hafi fundið símann sinn brotinn. Hafi hann þá beðið þess að vera sóttur en þá hafi lögregla komið á staðinn. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna til þess að hafa bitið og skallað menn.

Í skýrslutökum hjá lögreglu báru brotapolar allir á þá leið að til átaka hefði komið milli þeirra og ákærða í sumarbústað þar sem þau voru í partyi, er þeir töldu vinkonu sína vera í vanda, þar sem hún var ein með honum inni í herbergi. Kvaðst brotapolinn A hafa opnað dyrnar og farið inn í herbergið. Bar hann að ákærði hefði þá strax gefið honum hnefahögg í andlitið og ákærði síðan tekið í hann og skallað hann. Brotapolinn B kvað ákærða hafa brjálást og lamið hann í eyrað með krepptum hnefa, og kvaðst vitnið hafa séð ákærða berja og skalla frá sér í allar áttir. Brotapolinn C kvað ákærða hafa bitið sig í vinstri öxlina í átökunum og síðar hafi hann séð ákærða ráðast á D, lamið hann og bitið í nefið. Brotapolinn D kvað ákærða hafa ráðist á sig eftir að fyrri átökum hans við hina lauk, er hann hafi verið að gera að sári brotapolans C. Þá báru vitnin F og G á sama veg við skýrslutöku hjá lögreglu.

Ákæruliður II í ákæruskjali dags. 8. september 2021

Með vísan til skýlausrar játningar ákærða vísast um málavexti hvað þennan ákærulið varðar til ákæruskjals.

Ákæra dags. 6. apríl 2022

Með vísan til skýlausrar játningar ákærða vísast um málavexti hvað þennan þátt málsins varðar til ákæruskjals.

Framburður við aðalmeðferð

Við aðalmeðferð málsins þann 27. maí sl. gáfu skýrslu auk ákærða vitnin A, B, C, D, F, G, H, I og lögreglumenn nr. 1914, H1443 og 2032.

Ákæra dags. 19. ágúst 2021

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að lögreglumennirnir hefðu verið að strekkja handjárnin á höndum hans og haft hann í óþægilegum tökum og hann misst þetta

út úr sér án þess að meina nokkuð. Hann hafi bara verið fullur og reiður. Ákærði kvaðst ekki muna af hverju lögregla hafði afskipti af honum umrætt sinn. Eftir að hafa, við upphaf aðalmeðferðar, horft á upptöku af atvikinu kannaðist ákærði við að hafa viðhaft hótanir, en kannaðist ekki við að hafa reynt að sparka til lögreglumannsins. Þá kvaðst ákærði ekkert hafa meint með þessum orðum sínum, hann myndi aldrei gera lögreglumanninum mein. Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum umrætt sinn.

Í framburði brotaþola, lögreglumanns nr. 1914, kom fram að vitnið hafi vinnu sinnar vegna haft afskipti af ákærða umrætt sinn og þegar vitnið hafi ásamt öðrum lögreglumönnum verið að fara með ákærða í fangaklefa hafi ákærði hótað vitninu og reynt að sparka í fótlegg vitnisins. Hafi ákærði hótað að stinga og drepa vitnið og hafi sagt vitnið mega treysta því. Kvaðst vitnið hafa trúað ákærða og ekki dregið hótanir hans í efa.

Í framburði lögreglumanns nr. H1443 kom fram að vitnið hefði umrætt kvöld verið með í að færa ákærða í fangaklefa á lögreglustöð. Ákærði hafi virst æstur, dónalegur og ógnandi í garð ákveðinna lögreglumanna. Ákærði hafi ekki farið eftir fyrirmælum. Kvaðst vitnið hafa heyrt ákærða hótta lögreglumanni nr. 1914. Annars vegar í lyftunni og hins vegar í fangamóttökunni. Ákærði hafi verið ógnandi við lögreglumanninn. Þá hafi hann hótað lögreglumanni nr. 1914 lífláti auk þess sem ákærði hafi hótað að stinga hann í andlitið. Þá kvaðst vitnið hafa séð er ákærði reyndi að sparka í fótlegg lögreglumannsins.

Í framburði lögreglumanns nr. 2032, áður H1516, kom fram að hann hefði verið með í að færa ákærða í fangaklefa á lögreglustöð. Hafi vitnið heyrt þegar ákærði hótaði lögreglumanni nr. 1914, bæði í lyftunni og niðri í fangamóttökunni sem og séð þegar ákærði reyndi að sparka í lögreglumanninn. Ákærði hafi verið í annarlegu ástandi og talsvert æstur. Kvað vitnið hótanir ákærða í upphafi hafa verið óbeinar og hann hafi ítrekað sagt „þú veist hvað ég meina“, en þegar í fangamóttökuna hafi verið komið hafi ákærði hótað lögreglumanninum beint lífláti og barsmíðum. Kvað vitnið ákærða hafa verið mjög sannfærandi og því hafi lögreglumennirnir tekið hótanir hans alvarlega. Þá sá vitnið þegar ákærði reyndi að sparka aftan í löppina á lögreglumanni nr. 1914, þegar lögreglumenn voru að framkvæma öryggisleit á honum.

Ákæruliður I í ákæruskjali dags. 8. september 2021

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að hann hafi ætlað að fara heim og hafi verið inni í herbergi að reyna að redda sér fari. F hafi komið að og svo hafi strákarnir komið að hurðinni og ákærði þá lokað hurðinni. Hafi þeir ruðst inn og A ætlað að kýla ákærða og hafi ákærði þá hlaupið að þeim og slegið A í nefið, B hafi líka ætlað að gera eitthvað og hafi ákærði slegið hann með flötum lófa við eyrað. Hafi D verið að tuskast við ákærða þegar D hafi dottið við sófaborð og ákærði ofan á hann. Hafi C þá komið aftan að ákærða og tekið hann hálstaki. Við það hafi ákærði skolið framman á D og er C þrengdi að hálsi hans hafi ákærði bitið frá sér. Kvað ákærði þau öll hafa verið drukkin umrætt sinn. Ákærði kvað strákana hafa ráðist á sig að tilefnislausu og kvaðst hann hafa verið mjög hræddur. Kannaðist ákærði við að áverkarnir á brotaþolum hafi komið af hans völdum, en kvaðst hann eingöngu hafa verið að verja sig. Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa slegið til A og hæft hann í andlitið. Þá kannaðist ákærði við að hafa slegið til B með flötum lófa, en var ekki viss hvort höggið hafði. Þá kannaðist ákærði við að hafa bitið C í öxlina sem og að hafa dottið á D, er C tók hann taki. Aðspurður um af hverju ákærði hafi ekkert sagt um þetta á vettvangi kvaðst hann aldei tala við lögreglu er hann væri ölvaður.

Í framburði brotaþolans A kom fram að vitnið hafi verið í bústaðnum umrætt kvöld. Ákærði hafi farið að sofa um sjö eða áttaleytið og þau hin farið í pottinn. Um eitt eða tvö um nóttina hafi ákærði vaknað og verið frekar pirraður og leiðinlegur. Hafi J síðan beðið vitnið um að koma ákærða í burt þar sem F vildi losna við hann. Hafi vitnið rætt við ákærða sem vildi þá ræða við F og þau farið inn í herbergi. Hafi vitnið þá farið á klósettið, við hliðina á herberginu, og er hann heyrði dynk hafi hann stokkið til og ætlað inn í herbergið. Hafi ákærði þá tekið á móti honum, kýlt vitnið og skallað hann í andlitið og hrint honum niður þannig að vitnið datt og vankaðist. Strákarnir hafi reynt að róa ákærða og haldið honum og hafi ákærði þá bitið C og kýlt B. Eftir það hafi ákærði læst sig inni í herbergi. Ákærði hafi komið fram um tíu mínútum seinna, ráðist á D og lamið hann nokkrum sinnum í andlitið, þar til vitnið komst á milli þeirra. Eftir það hafi ákærði farið aftur inni herbergi og þau hringt í lögregluna. Vitnið kvaðst hafa verið drukkin umrætt sinn. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vera sammála lýsingu ákærða um að þeir hafi ráðist á hann. Kvaðst vitnið enn hafa haldið í hurðina þegar ákærði kýldi hann, skallaði og hrinti niður. Kvað vitnið engan hafa ráðist á ákærða, þeir hafi ekkert gert nema haldið honum og þá hafi hann bitið C.

Í framburði brotapolans B kom fram að vitnið hefði verið ölvað umrætt kvöld en lýsti atvikum þannig að þeir strákarnir hefðu verið frammi og heyrt læti innan úr herbergi þar sem ákærði og F voru inni. Komið hafi til slagsmála. Ákærði hafi komið út úr herberginu og þeir strákarnir verið að reyna að róa hann þegar hann réðst á þá. Ákærði hafi slegið vitnið á eyrað, slegið A og bitið C. Kvað vitnið þá ekkert hafa gert ákærða, þeir hafi bara verið að reyna að komast að hvað væri í gangi inni í herberginu, bara ætlað að tala við hann.

Í framburði brotapolans C kom fram að vitnið hafi verið að ræða við F vinkonu sína sem hafi liðið illa vegna nærveru ákærða. Ákærði hafi verið inni í herbergi með F og strákarnir komið að og beðið ákærða að fara og út hafi brotist slagsmál. Kvaðst vitnið hafa staðið andspænis ákærða og haldið í hann er ákærði hafi bitið vitnið í öxlina og vitnið þá strax horfið frá slagsmálunum. Síðar hafi vitnið séð hvar ákærði skallaði A og réðst á brotapolann D, lamdi hann og beit í nefið. Aðspurður um dynkinn kvað vitnið það hafa verið þegar J hafi ætlað inn í herbergið, þá hafi hurðinni verið skellt á nefið á henni. Í kjölfarið hafi strákarnir opnað og átökin byrjað.

Í framburði brotapolans D kom fram að vitnið mundi takmarkað eftir atvikum, annað en að ráðist hefði verið á hann í bústaðnum. Eitthvað hafi þetta snúist um stelpu sem var inni í herbergi með ákærða. Einhver óhljóð hafi verið og strákarnir farið að kíkja á það og átök brotist út á milli þeirra og ákærða. Síðar hafi vitnið setið í sófanum með C [...] sínum, er ákærði réðst á vitnið. Kvað vitnið ákærða hafa lamið hann í andlitið. Vitnið kvaðst hafa forðað sér, komið sér á Selfoss og svo á endanum farið á lögreglustöð og gefið skýrslu. Kvaðst vitnið hafa verið með far á nefinu eftir ákærða, sem muni hafa reynt að bíta vitnið, en vitnið kvaðst ekki muna það sjálfur.

Í framburði vitnisins F kom fram að hún hafi ásamt vinkonum sínum haft umræddan bústað á leigu þessa helgi. Þær hefðu boðið fólki að koma og haft gaman. Þegar liðið hafi á kvöldið hafi verið orðið heldur margt fólk og of mikil læti og hafi vitnið þá beðið A að fara með ákærða. Hafi vitnið fengið kvíðakast yfir látunum og bústaðnum, sem þær hafi leigt á [...], og verið grátandi þegar þarna var komið sögu. Hafi ákærði viljað tala við hana í einrúmi og hún orðið við því. Hafi þau rætt saman og hún hringt í vin þeirra sem ætlaði að koma og sækja ákærða. Hafi ákærði verið orðinn „upptjúnaður og stressaður og ekki liðið vel“ og hafi krakkarnir verið frammi að reyna að koma inn. Hafi þau verið inni í herberginu að bíða eftir fari þegar A ruddist inn og strákarnir á eftir honum og ákærði þá farið út eins og í gegnum þá og út úr herberginu og hún ekki séð

meir. Kvaðst vitnið ekki hafa séð nein átök en heyrt mikil öskur og læti. Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna eftir að hafa séð ákærða ráðast á brotapolanna, öfugt við það sem fram kom í skýrslu vitnisins hjá lögreglu.

Í framburði vitnisins G kom fram að vitnið hefði ekki verið á staðnum þegar atburðirnir áttu sér stað. Vitnið hafi ekki verið inni í húsinu meðan á slagsmálunum stóð. Þegar vitnið kom að hafi C verið með sár og ákærði verið inni í herbergi. Kvað vitnið það sem haft var eftir henni í lögregluskýrslu hafa verið það sem henni hafði verið sagt þegar hún kom aftur í bústaðinn.

Vitnið H læknir staðfesti vottorð sín sem liggja frammi í málinu varðandi brotapolana A og D.

Vitnið I læknir staðfesti vottorð sín sem liggja frammi í málinu varðandi brotapolana C og B.

Forsendur og niðurstöður

Ákæra dags. 19. ágúst 2021

Ákærða er í þessum lið málsins gefið að sök brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótad lögreglumanni og reynt að sparka í hann, allt eins og nánar greinir í ákæru.

Ákærði hefur neitað sök og borið því við að hann hafi ekki meint neitt með orðum sínum og ekki ætlað lögreglumanninum sparkið, heldur ætlað að sparka í borð. Hann hafi verið fullur og reiður og ekkert meint með þessu.

Meðal gagna málsins er upptaka af umræddu atviki er spiluð var við upphaf aðalmeðferðar. Kvaðst ákærði fyrir dómi, eftir að hafa horft á upptökuna, ekki neita að hafa viðhaft þær hótanir sem greinir í ákæru, en hann hafi aftur á móti ekkert meint með orðum sínum.

Að virtum gögnum málsins, þ.m.t. framangreindri upptöku af atvikinu, þar sem ákærði heyrir hótum umræddum lögreglumanni, sem og hvar sést að hann reynir að sparka til hans, sem á sér enn fremur stoð í framburði vitna, þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru dags. 19. ágúst 2021 og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Skiptir hvað þetta varðar engu máli hvort ákærði hugðist fylgja hótun sinni eftir eður ei.

Ákæruliður I í ákæruskjali dags. 8. september 2021

Ákærða er í þessum lið málsins gefið að sök líkamsárás gegn fjórum aðilum í sumarbústað, allt eins og nánar greinir í ákæru.

Ákærði hefur neitað sök og ber fyrir sig neyðarvörn. Kvað hann brotaþolana hafa veist að sér og hann eingöngu slegið frá sér í vörn. Í framburði ákærða fyrir dómi kannaðist hann við að hafa slegið A sem og slegið B með flötum lófa. Þá kannaðist ákærði við að hafa bitið C og verið að tuskast við D og skollið framan á hann. Framburðir brotaþola styðja lýsingu ákæru á háttsemi ákærða, þó framburður hvers um sig segi ekki alla söguna. Þannig kom fram hjá A að ákærði hefði kýlt hann og skallað í andlitið. Þá hefði vitnið séð ákærða kýla B, bíta C og lemja D. Brotaþolinn B kvað ákærða hafa slegið sig. Þá hafi vitnið séð ákærða slá A og bíta C. Brotaþolinn C kvað ákærða hafa bitið sig í öxlina. Þá hafi vitnið séð ákærða skalla A og lemja og bíta D. Brotaþolinn D kvað ákærða hafa lamið sig, og þá hafi hann verið með bitfar eftir átökin en mundi ekki skýrt eftir ákærða bíta sig. Er framburður brotaþolanna í meginatriðum í samræmi við framburð þeirra hjá lögreglu.

Meðal gagna málsins eru vottorð um áverka brotaþola og eru þeir í samræmi við framburð brotaþolanna fyrir dómi. Þannig ber vottorð um brotaþolann A með sér að hann hafi verið með bólgu og væga skekkju á nefi, bólgu vinstra megin á nefhrygg og væg eymsli ofan við vinstra gagnauga. Vottorð um brotaþolann B ber með sér að við skoðun hafi sést tveir smáir punktar, gróandi sár á vinstra eyra og aðeins bólgin eyrnablaðka. Vottorð um brotaþolann C ber með sér að hann hafi verið bitinn til blóðs, sárið hreinsað og sóttþreinsað og lokað með steristripi, en ekki hafi verið hægt að sauma. Vottorð um brotaþolann D ber með sér að hann hafi hlotið sár á nefhrygg, yfirborðsrispur ~3*15 mm langar og væga bólgu á vinstri hlið nefhryggs.

Ljóst er að umrætt kvöld kom til átaka milli ákærða og brotaþolanna fjögurra, að því er virðist vegna misskilnings um hvað gekk á inni í herbergi hvar ákærði var einn með vinkonu sinni. Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið til og bitið brotaþola, en kveður það hafa verið gert í sjálfvörn þar sem þeir hafi veist að honum. Brotaþolar hafa fyrir dómi, sem og hjá lögreglu borið að þeir hafi ekki veist að ákærða, eingöngu verið að reyna að róa ákærða og hafi þeir eingöngu ætlað að tala við hann. Sá framburður ákærða að hann hafi slegið og bitið frá sér í neyðarvörn á sér ekki stoð í gögnum málsins. Þó ekki verði loku fyrir það skotið að upplifun ákærða hafi verið sú að brotaþolarnir A, B og C hafi í sameiningu ætlað að veitast að honum, er þeir stóðu fyrir utan herbergið

verður ekki á það fallist að viðbrögð hans hafi verið innan marka neyðarvarnar í skilningi 1. eða 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu framangreindu virtu þykir hafi yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I. lið ákæru dagsettri 8. september 2021 og háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliður II í ákæruskjali dags. 8. september 2021

Með vísan til skýlausrar játningar ákærða þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í framangreindum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákæra dags. 6. apríl 2022

Með vísan til skýlausrar játningar ákærða þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í framangreindum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákvörðun refsingar

Samkvæmt framansögðu þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruskjölum og þar þykir rétt færð til refsíákvæða og hefur hann með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði fjórum sinnum áður sætt refsingu. Þann 15. október 2014 var ákærði gerð sekt vegna umferðarlagabrot. Þann 15. desember 2020 var ákærða gerð sekt vegna minniháttar líkamsárásar, eignaspjalla og umferðarlagabrots, þ. á m. ölvunaraksturs. Þann 26. október 2021 var ákærða gerð sekt vegna ölvunaraksturs. Loks var ákærða þann 23. febrúar sl. gerð sekt vegna aksturs sviptur ökurétti.

Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir eru öll framin fyrir ákvörðun síðastgreindrar sektar og að hluta fyrir ákvörðun eldri refsinga frá árunum 2020 og 2021, og verður ákærða því nú dæmdur hegningarauki, með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en jafn framt ber að líta til 77. gr. nefndra laga.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Að virtum atvikum máls, að teknu tilliti til þess að ákærði viðurkenndi skýlaust sök í hluta ákæruatriða, sem og að virtum sakaferli hans, þykir rétt að fresta fullnustu þriggja mánaða refsingarinnar

og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum. Með vísan til 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. skal ákærði jafnframt greiða 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæta ella fangelsi í 10 daga. Með vísan til 99. og 101. gr., þó einkum 3. mgr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, ber að svipta ákærða ökurétti ævilangt. Með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur samkvæmt yfirlitum lögreglu samtals 210.858 kr., auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða sem eru hæfilega ákveðin 850.950 kr., að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Með háttsemi sinni gagnvart brotþola Hjörvari umrætt sinn hefur ákærði bakað sér bótaskyldu skv. almennum skaðabótareglum og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í bótakröfu brotþola A er krafist miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð kr. 1.000.000. Er hæfilegt að ákærði greiði brotþola kr. 300.000 í miskabætur, með vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, en bótakrafan var kynnt ákærða 4. október 2021. Þá er rétt að ákærði greiði brotþola 250.000 kr. í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Þór Gíslason, sæti fangelsi í sex mánuði.

Fresta ber fullnustu þriggja mánaða refsingarinnar og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Ákærði greiði jafnframt 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt, frá birtingu dóms þess að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað, samtals 1.061.808 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Jónssonar lögmans, 850.950 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ákærði greiði brotþola A, 300.000 kr. í miskabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 12. janúar 2020 til 4. nóvember 2021,

en síðan dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði brotaþola A 250.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason